

Skólastefna Hörgársveitar



Leikskólinn Álfasteinn



Þelamerkurskóli

Inngangur

Samkvæmt lögum um [leikskóla](#) og [grunnskóla](#) skal hvert sveitarfélag setja almenna stefnu um leik- og grunnskólahald í sveitarfélaginu, kynna hana íbúum þess og hafa aðgengilega.

Skólastefnan var samþykkt í fræðslunefnd 23. maí 2016 og í sveitarstjórn Hörgársveitar 25. maí 2016. Gert var ráð fyrir endurskoðun að þremur árum liðnum. Vinnuhópur með fulltrúum fræðslunefndar og skólastjórum leik- og grunnskóla fór yfir stefnuna og aflaði athugasemda frá starfsfólki, forráðamönnum nemenda og öðrum íbúum sveitarfélagsins. Endurskoðunin fór fram skólaárið 2019-2020 og stefnan var samþykkt af sveitarstjórn 28. maí 2020.

Skólastefna Hörgársveitar er leiðarljós og sameiginleg sýn fyrir skólana í Hörgársveit. Hún er sett upp í fáum dráttum með það að markmiði að hún sé einföld og skýr. Skólunum er ætlað að taka mið af stefnunni við gerð skólanámskrár. Skólarnir skulu eiga náð samstarf og vera í góðum tengslum við samfélagið. Öll börnin ásamt starfsfólki eiga að upplifa öryggi og vellíðan í skólanum. Eftirfylgd og eftirlit er á ábyrgð fræðslunefndar Hörgársveitar. Endurskoða skal skólastefnuna eftir fjögur ár.

Skólaumhverfið

Leikskóli

Einn leikskóli er í sveitarfélaginu. Heiti hans er Heilsuleikskólinn Álfasteinn og er hann staðsettur á Lónsbakka. Einkunnarorð leikskólans eru *Með sól í hjarta*. Á heimasíðu leikskólans <http://alfasteinnhorgarsveit.is/> er að finna allar frekari upplýsingar um sýn og stefnu skólans.

Grunnskóli

Í sveitarfélaginu er einn grunnskóli, þelamerkurskóli. Skólinn er nálægt miðju sveitarfélagsins, á þelamörk. Á sama svæði er íþróttamiðstöð og sundlaug sveitarfélagsins sem báðir skólarnir nýta. Nemendur koma í skólann með skólabílum. Innra starf skólans tekur mið af einkunnarorðum hans, sem eru **þroski**, **menntun** og **samkennd** (þMS). Heimasíða þelamerkurskóla er <https://www.thelamork.is/> og þar má finna allar frekari upplýsingar um sýn og stefnu skólans.

Tónlistarskóli

Tónlistarskóli Eyjafjarðar er rekinn sameiginlega af Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppi og Hörgársveit. Kennsla barna á grunnskólaaldri úr Hörgársveit fer fram á skólatíma þeirra í Þelamerkurskóla. Heimasíða tónlistarskólans er <https://tonlist.krummi.is/> og þar má finna frekari upplýsingar um sýn og stefnu skólans.

Framhaldsskólar

Hörgársveit á aðild að þremur framhaldsskólum, þ.e. [Menntaskólanum á Akureyri \(MA\)](#), [Menntaskólanum á Tröllaskaga \(MT\)](#) og [Verkmenntaskólanum á Akureyri \(VMA\)](#).

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (SÍMEY)

Hörgársveit er, ásamt öðrum sveitarfélögum í Eyjafirði, aðili að [Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar \(SÍMEY\)](#).

Leiðarljós

Aðalnámskrár [leik](#)- og [grunnskóla](#) eru útfærsla á menntastefnu yfirvalda sem skólum ber að vinna eftir. Aðalnámskrárnar eru byggðar á [sex grunnpáttum menntunar](#) sem saman eru leiðarljós í öllu skólastarfi. Grunnþættir menntunar eru:

- Læsi.
- Heilbrigði og velferð.
- Lýðræði og mannréttindi.
- Sjálfbærni.
- Jafnrétti.
- Sköpun.

Samhliða grunnpáttum menntunar skulu áherslur [Heimsmarkmiða](#)- og [Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#) birtast í öllu skólastarfi. Unnið er eftir stefnunni [Jákvæður agi](#) í leik- og grunnskólum Hörgársveitar.

Í Hörgársveit skal unnið markvisst að því að mennta og þroska hæfileika barna í metnaðarfullu skólastarfi þar sem

- **velferð, gleði og heilsa** barna er í fyrirrúmi.
- **menntun** er sveigjanleg, einstaklingsbundin og nýtist til framtíðar.
- **andlegur og félagslegur þroski** er eflður, s.s. félagsfærni, sjálfstraust, lífsgleði og þrautseigja.
- -börn og starfsfólk starfa við bestu **námsaðstæður og vinnuskilyrði**.

Í samræmi við leiðarljós eru markmið skólastarfsins eftirfarandi:

Velferð, gleði og heilsa:

- Að nemendum líði vel og fái notið sín í öruggu umhverfi.
- Nemendur fái fjölbreytt tækifæri til hreyfingar og útiveru.
- Nemendur eigi kost á næringarríku og fjölbreyttu fæði.

Menntun til framtíðar:


- Þörfum hvers og eins sé mætt með fjölbreyttum viðfangsefnum, námsmati og kennsluháttum við hæfi.
- Lýðræðislegir starfshættir einkenni skólastarfið.
- Skólarnir séu í góðu samstarfi við foreldra, nærsamfélag og aðra skóla.
- Börnum sé auðveldað, eins og unnt er, að færast á milli skólastiga, í samræmi við þroska og námsstöðu.

Andlegur og félagslegur þroski eflur:

- Skólabragur einkennist af gagnkvæmri virðingu, samkennd, vináttu, umhyggju og festu.
- Nemendur læri að bera ábyrgð á og virðingu fyrir sjálfum sér, námi sínu, umhverfi og samskiptum.
- Nemendur þrói með sér gagnrýna og skapandi hugsun.

Námsaðstæður og vinnuskilyrði:

- Í skólunum starfi hæft fólk með viðeigandi menntun við hvetjandi náms- og starfsumhverfi, í jákvæðum skólabrag.
- Skólabýggingar og umhverfi þeirra uppfylli þær nútímakröfur sem gerðar eru til skólastarfs.



Markmið, leiðir og mat:

Velferð, gleði og heilsa:


Markmið	Leiðir
Að nemendum líði vel og fái notið sín í öruggu umhverfi.	• Virkar aðgerðir gegn einelti eru ætíð í gangi. • Starfsfólk leggur áherslu á umhyggju, áhuga og hlustun í allri daglegri umgengni. • Lögð er áhersla á stöðugar umræður um leiðir til að draga fram og nýta styrkleika og hæfileika hvers barns. • Nemendur fá tækifæri til að tjá líðan sína, s.s. á bekkjarfundum og samverustundum og fá leiðsögn til að finna leiðir að bættri líðan og sjálfsefningu.
Nemendur fái fjölbreytt tækifæri til hreyfingar og útiveru.	• Lögð er áhersla á hugmyndafræði útiskóla. • Skipulag á skólalóð hvetur til hreyfingar og leikja.
Nemendur eigi kost á næringarríku og fjölbreyttu fæði.	• Farið er eftir heilsuviðmiðum Samtaka heilsuleikskóla og heilsueflandi grunnskóla • Farið er eftir ráðleggingum landlæknisembættisins.
Mat ÞMS: Eineltiskönnun sem og aðrar nemendakannanir eru lagðar fyrir tvisvar á ári. Formleg foreldrakönnun er lögð fyrir annað hvert ár. Minni kannanir nýttar eftir atvikum. Mat starfsfólks á Jákvæðum aga er framkvæmt árlega. Matsviðmið Heilsueflandi grunnskóla metið árlega. Álfast.: Matsviðmið Heilsuleikskóla er metið árlega af starfsfólki og umbætur gerðar eftir þörfum. Mat starfsfólks á Stig af stigi og matslisti Jákvæðs aga er fylltur út árlega og úrbætur ræddar. Niðurstöður kannana og matslista eru markvisst nýttar sem grunnur að umbótaáætlun leik- og grunnskóla.	

Menntun til framtíðar:

Markmið	Leiðir
Þörfum hvers og eins sé mætt með fjölbreyttum viðfangsefnum, námsmati og kennsluháttum á námshraða við hæfi.	• Skólanámskrár eru með skýrt afmarkaðar leiðir að markmiðum aðalnámskrár. • Hugmyndafræði skólanna er skýr, vel kynnt og aðgengileg. • Tekið er mið af fjölbreytileika nemendahópsins við skipulag náms, kennslu og námsmats. • Starfsfólk skóla, kennarar og aðrir sérfræðingar, vinna saman að velferð og árangri nemenda.
Lýðræðislegir starfshættir einkenni skólastarfið.	• Nemendur eiga kost á að taka þátt í umræðum og ákvörðunum um nám sitt og annað sem þá varðar eftir því sem aldur og þroski leyfa.
Skólarnir séu í góðu samstarfi við foreldra, nærsamfélag og aðra skóla.	• Virkt samstarf er milli heimila og skóla. • Upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðum skólanna, fréttabréfum þeirra og/eða á samfélagsmiðlum. • Fundargerðir fræðslunefndar eru birtar á heimasíðu sveitarfélagsins. • Foreldrum er gert kleift að taka þátt í starfi foreldrafélaga og í skólastarfinu sjálfu. • Viðburðir í skólunum, vorhátíðir, árshátíðir o.s.frv., eru opnir öllum. • Skólarnir nýta nærumhverfið í starfi sínu. • Samvinna er milli foreldrafélaga, t.d. í tengslum við viðburði og ferðir. • Skólarnir hafa samræmi á milli skóladagatala eins og kostur er.
Börnum sé auðveldað, eins og unnt er, að færast á milli skólastiga, í samræmi við þroska og námsstöðu.	• Börn í þeim árgöngum sem eru næstir öðrum skólastigum fyrir ofan heimsækja þá skóla sem við eiga. • Samvinna er milli kennara elstu barna leikskóla og yngstu barna grunnskóla. • Stuðlað að samvinnu við framhaldsskóla til að auka námsmöguleika nemenda.
Mat:	

PMS: Nemendakannanir eru lagðar fyrir tvisvar á ári. Foreldra- og starfsmannakannanir eru lagðar fyrir annað hvert ár, Innra mat í daglegu starfi skráð á formlegum mánaðarlegum matsfundum, gagna aflað við hvers kyns formlegt námsmat og áætlun um umbætur lögð fram. Skimunaráætlun skólans er fylgt. Bekkjarfundir, fundargerðir í nefndum og ráðum. Allt matið er markvisst nýtt við þróun skólastarfs og við gerð umbótaáætlana á hverju ári.

Álfast: Foreldrakönnun er annað hvert ár og umbætur ræddar í starfsmannahópnum. Foreldrasamtöl eru 1 sinni á ári, tekin og skráð af hópstjórum. Leikskólastjóri fundar með foreldraráði 4 sinnum á ári þar sem starf leikskólans er rætt og skráð. Hljómpróf og Efi - 2 eru málproskapróf sem sérkennslustjóri og viðkomandi hópstjórar leggja fyrir 4 og 5 ára börn og gera áætlun um úrbætur eftir þörfum.



Andlegur og félagslegur þroski efldur:

Markmið	Leiðir
Skólabragur einkennist af gagnkvæmri virðingu, samkennd, vináttu, umhyggju og festu.	Hugmyndafræði Jákvæðs aga höfð að leiðarljósi.
Nemendur læri að bera ábyrgð á og virðingu fyrir sjálfum sér, námi sínu, umhverfi og samskiptum.	- Samskipta- og umgengnisreglur eru skýrar. - Vikulegir bekkjarfundir/hópafundir eru haldnir. - Stig af stigi efni er nýtt í leikskólanum. - Unnið eftir hugmyndafræði Skóla á grænni grein.
Nemendur þrói með sér gagnrýna og skapandi hugsun.	- Lausnamiðuð hugsun er höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi. - Áhersla er lögð á að kalla eftir og nýta raddir barna í starfi skólanna. - Áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti þar sem sköpun fær rými.
Mat: ÞMS: Eineltiskönnun og viðameiri nemendakönnun lögð fyrir tvisvar á ári. Foreldrakönnun lögð fyrir annað hvert ár. Gátlistar Jákvæðs aga, Grænfánamatslistar og -úttekt nýtt skv. stefnu Skóla á grænni grein og matslistar heilsustefnu nýttir tvisvar á ári. Matið er markvisst nýtt til þróunar skólastarfs og við gerð umbótaáætlana. Áhersla er lögð á fjölbreytt námsmat þar sem leiðsagnarmat er rauður þráður. Álfast.: Hópafundir hjá 3 - 6 ára börnum 2 x í mánuði með hópstjóra, þar sem börnin ræða saman um ýmis mál, hópstjóri skráir. Viðtöl um líðan í leikskólanum við elsta árgang skólans að vori sem hópstjóri elsta árgangs tekur og skráir. Stig af stigi fundir 1 sinni í viku hjá 4 til 6 ára börnum, tekið saman og endurmetið að vori með stuttri greinargerð um hvernig innlagnir efnis gengu. Tekið saman af kennara viðkomandi barna. Grænfánaskýrsla útfyllt af formanni grænfánanefndar og úttekt gerð á tveggja ára fresti af Landvernd. (Sjá nánar í starfsáætlun leikskólans)	

Námsaðstæður og vinnuskilyrði:

Markmið	Leiðir
Í skólunum starfi hæft fólk með viðeigandi menntun við hvetjandi náms- og starfsumhverfi, í jákvæðum skólabrag.	• Starfshættir einkennast af faglegri forystu og teymisvinnu. • Stjórnendur stuðla að sameiginlegri sýn meðal starfsfólks um starfshætti og skólabrag. • Stjórnendur séu hvetjandi og gefa reglulega endurgjöf til starfsfólks. • Starfsmannasamtöl eru tekin árlega. • Hver skóli gerir starfspróunaráætlun sem er endurskoðuð árlega.
Skólabyggingar og umhverfi þeirra uppfylli þær nútímakröfur sem gerðar eru til skólastarfs.	• Nemendum skapaðar fjölbreyttar námsaðstæður út frá ólíkum þörfum. • Viðtækt samráð milli aðila við undirbúning og hönnun á endurbótum. • Ábendingum og kröfum heilbrigðiseftirlits um aðbúnað er mætt. • Kröfum um öryggismál er fylgt með reglubundnu eftirliti.
Mat: ÞMS: Starfsmannakönnun er lögð fyrir annað hvert ár. Starfsmannasamtöl eru tekin árlega sem og teymissamtöl með SVÓT greiningu. Niðurstöður kannana og samtala eru markvisst nýttar við gerð starfspróunaráætlana og stuðning í starfi. Nemendakannanir lagðar fyrir árlega. Úttektir og eftirlit þar til gerðra yfirvalda er markvisst nýtt við gerð umbótaáætlana. Álfast.: Starfsmannasamtöl eru einu sinni til tvisvar á ári, haust og vor eftir atvikum, nýtt til starfspróunaráætlana og til stuðnings í starfi, tekin af leikskólastjóra.	

